**Ed.** **236. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

a. Á eftir orðunum „kjarnfóður“ í fyrsta málsl. 2. gr. laganna bætist: annað en síldarmjöl.
b. Orðið „síldarmjöl“ í sama málsl. fellur niður.
c. Á eftir 2. málsl. sömu lagagreinar bætist nýr málsliður:

   Óheimilt er að selja síldarmjöl til fóðurs innanlands, nema fram hafi farið flokkun og mat á mjölinu. Tryggingarskírteini skal ætíð fylgja vörunni til kaupanda, þótt minna sé selt en 300 kg. Skal þar tilgreind efnasamsetning mjölsins og umbúðir jafnan merktar verksmiðjumerki.
d. 10. og 11. tölul. sömu lagagreinar falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1939.